

**STEF**SAMBAND TÓNSKÁLDA OG EIGENDA FLUTNINGSRÉTTAR  
THE PERFORMING RIGHTS SOCIETY OF ICELANDAðili í alþjóðasambandi höfunda  
Confédération Internationale des Sociétés d'Auteurs et Compositeurs  
Congrès Mondial des Auteurs et CompositeursLAUFÁSVEGI 40  
101 REYKJAVÍK  
Sími 5616173  
Tel. 354-5616173  
Fax 354-5626273Opið virka daga kl. 10-12  
og 13-15.Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi*Alþingi**Erindi nr. þ 120/1300**komudagur 114 1996*

FAX: 562 0610


Reykjavík, 29. mars 1996

Með vísun til bréfs menntamálanefndar, dags. 27. mars s.l., skal upplýst að heildartekjur STEFs árið 1994 námu kr. 122.486.111,- samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi samtakanna. Því miður liggja tölur um tekjur samtakanna á árinu 1995 ekki fyrir, en búast má við að tekjurnar nemi svipaðri upphæð. Tekjurnar koma úr ýmsum áttum. Þannig námu höfundaréttartekjur, sem greiddar voru erlendis frá, 14.9 milljónum króna, höfundaréttartekjur vegna útgáfu á hljómplötum 13.1 milljónum króna og höfundaréttargreiðslur frá hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvum 57.4 milljónum króna á árinu 1994 svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Höfundaréttartekjum, sem greiddar eru erlendis frá og vegna útgáfu á hljómplötum, er úthlutað beint til hlutaðeigandi rétthafa. Öðrum tekjum, þ. á m. tekjum sem innheimtar eru frá hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvum, er skipt á milli rétthafa eftir ákveðnum reglum. Í grófum dráttum gerist það þannig að fyrst er kostnaður við rekstur samtakanna, þ. á m. innheimtu höfundaréttargjalda, dreginn frá og síðan er meirihluta af því fé, sem eftir stendur, úthlutað til erlendra rétthafa. Gerist það þannig að STEF sendir þá fjárhæð, sem kemur í hlut erlendra rétthafa, í einu lagi til systursamtaka sinna í Svíþjóð, STIM, sem aftur sér um að úthluta greiðslum til annarra systursamtaka víðs vegar um heim. Byggist sú úthlutun á upplýsingum um flutning erlendra tónlistar hér á landi sem STEF lætur sænsku samtökunum í té. STEF sér síðan sjálf um að úthluta því fé sem kemur í hlut innlendra rétthafa. Byggir úthlutunin á upplýsingum um tónlistarflutning frá útvarpsstöðvunum, svo og á upplýsingum um tónlistarflutning annars staðar. Nánari grein fyrir tilhögun á úthlutun kemur fram í úthlutunarreglum samtakanna sem fylgja þessu bréfi.

Að lokum vil ég leyfa mér að ítreka það, sem ég lét í ljósi á fundi með menntamála-  
nefnd fyrr í vetur, að STEF er að sjálfsgöðu reiðubúið til þess að láta nefndinni í té  
allar þær upplýsingar um skipulag og starfsemi samtakanna sem óskað er eftir.  
Jafnframt höfum við, sem erum í fyrirsvari fyrir samtökin, áhuga á að bjóða  
nefndarmönnum í heimsókn við hentugt tækifæri til þess að þeir geti kynnst starfsemi  
samtakanna af eigin raun.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Tómasson,  
framkvæmdastjóri

# Úthlutunarreglur STEFs

- Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar -

## um úthlutun á tekjum fyrir flutningsréttindi

1.

Þóknun sú, sem Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEFi) ber að greiða tónskáldum, textahöfundum og öðrum rétt höfnum fyrir flutning tónverka, skiptist eftir þeim reglum sem hér fara á eftir.

2.

Tekjum, sem STEF innheimtir fyrir flutning tónverka, að frádregnum rekstrarkostnaði og öðrum kostnaði við starfsemi samtakanna, þ.á.m. framlagi í tónmenntasjóð, skal úthlutað til tónskálda, textahöfunda og annarra rétthafa miðað við flutning verka á því ári þegar tekjurnar innheimtast. Skal tekjum til erlendra rétthafa úthlutað sem næst í hlutfalli við flutning erlendra tónverka miðað við heildarflutning tónverka hér á landi, í samræmi við þá gagnkvæmu samninga, sem STEF hefur gert við systursamtök sín erlendis.

3.

Tekjum, sem úthluta skal til innlendra rétthafa samkvæmt 2. lið, skal úthluta sem næst á grundvelli þeirra tekna, sem innheimtar eru fyrir flutning tónverka hér á landi, hvort sem er í útvarpi eða utan útvarps, á grundvelli tónflutningsskýrsla og annarra upplýsinga, sem berast eða tekst að afla, í samræmi við reglur í liðum 3 - 8 hér á eftir. Tónskáld, textahöfundar og aðrir rétthafar skulu láta STEFi í té upplýsingar um verk sín á þar til gerðum eyðublöðum.

4.

Stjórn STEFs getur, í hagræðingarskyni, ákveðið að úthluta tekjum vegna flutnings á tilteknu tónverki eða tónverkum til takmarkaðs fjölda rétthafa. Sé um erfingja tónskálds eða textahöfundar að ræða getur stjórnin þannig ákveðið að úthluta tekjum einungis til eins erfingja eða annars sameiginlegs umboðsmanns þeirra.

Tónverk með texta	6		6
Tónverk með texta sem útsett hefur verið	4	2	6
Tónverk með texta, ef tónskáld er óþekkt eða nýtur ekki verndar			6
Tónverk með texta sem útsett hefur verið, tónskáld er óþekkt eða nýtur ekki verndar		4	6

Samþykktin er svohljóðandi:

Ef um er að ræða tónverk með texta og texti og tónverk eru samin samtímis eða texti er saminn við tónverk, sem þegar er til, skal tónskáld fá 6 einingar í stað 8 (4 einingar í stað 6 ef útsetjari á rétt á hlut) og textahöfundur 6 einingar í stað 4. Ef um er að ræða tónverk með texta og tónskáld er óþekkt eða nýtur ekki verndar skal textahöfundur fá 6 einingar í stað 4 án tillits til þess hvort verkið hefur verið útsett. Skilyrði fyrir því að textahöfundur fái 6 einingar skv. framansögðu er að þeir sendi STEFi tilkynningar þess efnis á þar til gerðum eyðublöðum.

8.

Þegar tónverk er flutt í fyrsta skipti opinberlega, skal úthluta fyrir þann flutning til rétt-hafa því gjaldi fimmföldu sem eða yrði úthlutað skv. fyrrgreindum reglum.

9.

Rétthafar geta gert athugasemdir við úthlutun skv. reglum þessum innan þriggja mánaða frá því þeim barst vitneskja um hana. Þó getur enginn gert athugasemdir ef liðin eru fjögur ár frá því að úthlutun fór fram.

10.

Stjórn STEFs sker úr ágreiningi um túlkun á reglum þessum.

## 5.

Stjórn STEFs getur ennfremur, í hagræðingarskyni, ákveðið að byggja úthlutun á tekjum að einhverju leyti á úrtaki úr tónflutningsskýrslum, enda sé úrtakið valið af handahófi og þess gætt, að rétt höfum sé ekki mismunað umfram það sem leiðir af slíkri aðferð við úthlutunina.

## 6.

Sé tónverk flutt í útvarpi eða utan útvarps skal það skrásett í hvert skipti, sem það er flutt, í samræmi við tiltækar tónflutningsskýrslur og aðrar upplýsingar. Fer skráning eftir tímalengd verks, svo og flokkun þess eftir eðli og tegund, svo sem nánar er kveðið á um í reglum STEFs um flokkun tónverka sem eru fylgiskjal með úthlutunarreglum þessum.

## 7.

Tekjum af flutningi tónverks skal skipta í 12 jafna hluta. Skulu þeir sem rétt eiga á endurgjaldi fyrir flutning tónverks, hljóta hver um sig tiltekinn hluta af tekjum vegna flutningsins sem hér greinir nema öðru vísi hafi verið um það samið:

	<i>EININGAR</i>		
	<i>Tónskáld</i>	<i>Útsetjari</i>	<i>Textahöf.</i>
Tónverk án texta	12		
Tónverk með texta sem útsett hefur verið, textahöfundur er óþekktur eða nýtur ekki verndar	6	2	
Tónverk með texta	8		4
Tónverk með texta sem útsett hefur verið	6	2	4
Tónverk án texta sem útsett hefur verið, ef tónskáld er óþekkt eða nýtur ekki verndar		4	
Tónverk með texta, ef tónskáld er óþekkt eða nýtur ekki verndar			4
Tónverk með texta sem útsett hefur verið, tónskáld er óþekkt eða nýtur ekki verndar		4	4

Ef um er að ræða tónverk með texta og texti og tónverk eru samin samtímis eða texti er saminn við tónverk sem þegar er til, skal tekjum skipt sem hér segir (sé ekki um annað samið):

# FLOKKUN TÓNVERKA

Staðaltímalengdir tónsmíða með óþekktu tímalengd	Tegund og flokkur	Stigatafla				
		A	B	C	D	E
	<p><b>Aðalforsendur flokkunar</b></p> <p>1. <i>Innviðir</i> Innri gerð verksins í ljósi þeirra tengsla sem tónsmíðapættir þess mynda sín á milli.</p> <p>2. <i>Þéttleiki</i> Metinn skal þéttleiki verksins (blæbrigðaróf) í ljósi samsetningar tónsmíðabáttanna.</p> <p>3. <i>Samtvinnun</i> Heild verksins metin í ljósi samtvinnunar tónsmíðabáttanna með tilliti til heildarinnar.</p> <p>4. <i>Aðferð</i> Uppbygging verksins metin í ljósi tónsmíðaaðferðarinnar.</p> <p>Flokkun tónsmíðar skal metin eftir því hve markviss/nákvæm forskrift (raddskrá) tónskáldsins er, sem segir fyrir um hina endanlegu hjómandi útkomu.</p>					
	<p><b>I. Dægurlög</b></p> <p>1. Danslög.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lög með/án texta.</li> <li>• lög með/án texta úr óperettum, söngleikjum, og djass-, bit-, poppleikhúsvörkum.</li> <li>• djass-, bit- og þjóðlagatónlist þar sem tónsmíðavinnan tekur til hjómsettrar laglínu og hjóðfæraútsætningar, ef svo ber undir.</li> </ul>					
3'						
3'	<p>2. Skemmtitónlist (þar á meðal fantasíur, syrpur, rapsódíur og svítur).</p> <p>90. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, en uppgefinn flutningstími er viðurkenndur fyrir hvern flutning. (Með telst brot eða útdráttur úr tónverkum, sem metin hafa verið í flokk 91, ásamt djass-, bit-, popp- og þjóðlagatónlist, þar sem tónsmíðavinnan tekur til hjómsettrar laglínu og hjóðfæraútsætningar ef svo ber undir.)</p> <p>91. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, þar sem reiknuð meðaltímalengd er viðurkennd til frambúðar. (Með þessu telst djass-, bit-, popp- og þjóðlagatónlist, þar sem tónsmíðavinnan tekur til hjómsettrar laglínu og hjóðfæraútsætningar, ef svo ber undir.)</p>					
	<p><b>II. Útdrættir úr leikhústónlist</b> (einstakir hlutar metast til annarra tegunda)</p> <p>1. Óperettur og söngleikir. (Þar á meðal djass-, bit-, og popp-leikhúsvörk).</p> <p>2. Óperur.</p>					
5'						
5'						
	<p><b>III. Hjómssveitarverk með/án einleikshjóðfæris, söngraddar og/eða kórs</b></p> <p>1. Djass-, bit-, og poppverk, þar sem tónsmíðavinnan tekur til laglínu, fastákveðins heildarforms, og hjóðfæraútsætningar.</p> <p>2. Fantasíur, syrpur og rapsódíur.</p> <p>3. Tilbrigðaverk.</p> <p>4. Svítur.</p> <p>5. Dansar.</p> <p>6. Forleikir.</p> <p>7. Konsertmarsar.</p> <p>8. Sinfóníur, sinfónísk ljóð, önnur sinfónísk verk. Einnig hjómssveitar- og hjóðfæraútsætningar.</p> <p>9. Kammerkonsertar.</p> <p>10. Konsertar fyrir söngraddir.</p> <p>11. Önnur hjómssveitarverk.</p> <p>90. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, en uppgefinn flutningstími er viðurkenndur fyrir hvern flutning. (Með þessu telst brot eða útdráttur úr tónverkum, sem metin hafa verið í flokk 91, ásamt djass-, bit-, poppverkum, þar sem tónsmíðavinnan tekur til laglínu auk fastákveðins heildarforms og hjóðfæraútsætningar.)</p> <p>91. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, þar sem reiknuð meðaltímalengd er viðurkennd til frambúðar. (Með þessu telst djass, bit-, poppverk, þar sem tónsmíðavinnan tekur til laglínu, ásamt fastákveðnu heildarformi, hjómsetningu og hjóðfæraútsætningu.)</p>					
5'						
10'						
10'						
5'						
8'						
5'						
20'						
12'						
20'						
	<p><b>IV. Söngverk með/án undirleiks</b></p> <p>1. Vísur og söngvar (einsöngs- og kórlög, einnig úr leikhúsvörkum).</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lagaflokkar.</li> </ul> <p>2. Kórverk.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kantötur.</li> <li>• Óratoríur.</li> <li>• Messur.</li> <li>• Mótettur, madrigalar o.s.frv.</li> </ul> <p>3. Önnur söngverk.</p>					
3'						
8'						
8'						
15'						
12'						
2'						

Staðaltímalengdir tónsmíða með óþekktu tímalengd	Tegund og flokkur	Stigatafla				
		A	B	C	D	E
	90. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, en uppgefinn flutningstími er viðurkenndur fyrir hvern flutning. (Með þessu teljast hlutar úr tónverkum, sem metin hafa verið í flokk 91.) 91. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, þar sem reiknuð meðaltímalengd er viðurkennd til frambúðar.					
	<b>V. Einleiks-, samleiks- og kammertónlist</b>					
5'	1. Djass-, bít-, poppverk, þar sem tónsmíðavinnan tekur til laglínu fastákveðins heildarforms, hljómsætingar og hljóðfæraúsetningar.		•	•	•	
10'	2. Fantasiur og rapsódíur.		•	•	•	
10'	3. Tilbrigðaverk.		•	•	•	•
5'	4. Svítur.		•	•	•	•
10'	5. Dansar.		•	•	•	•
5'	6. Sónötur (sinfónísk einleiksverk).			•	•	•
10'	• Sónatínur.					
10'	• Dúó.					
10'	• Tríó.					
10'	• Kvartettar o.s.frv.					
	7. Önnur einleiks-, samleiks- og kammerverk.	•	•	•	•	•
	90. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, en uppgefinn flutningstími er viðurkenndur fyrir hvern flutning. (Með þessu telst brot eða útdráttur úr tónverkum, sem metin eru í 91, ásamt djass-, bít-, poppverkum, þar sem tónsmíðavinnan tekur til laglínu, auk fastákveðins heildarforms og hljóðfæraúsetningar.)	•	•	•	•	•
	91. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, þar sem reiknuð meðaltímalengd er viðurkennd til frambúðar. (Með þessu teljast djass-, bít-, poppverk, þar sem tónsmíðavinnan tekur til laglínu, ásamt fastákveðnu heildarformi, hljómsætingu og hljóðfæraskipan.)	•	•	•	•	•
	<b>VI. Elektrónísk verk samín á tónband (ekki „lifandi“ elektróník)</b>					
8'	1. Elektrónísk og konkret verk.	•	•	•	•	•
8'	2. Önnur elektrónísk verk.	•	•	•	•	•
	90. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, en uppgefinn flutningstími er viðurkenndur fyrir hvern flutning. (Hér flokkast brot og útdrættir verka sem flokkast í 91.)	•	•	•	•	•
	91. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, þar sem reiknuð meðaltímalengd er viðurkennd til frambúðar.	•	•	•	•	•
	<b>VII. Múltí-medía og leikræn verk, þar sem fyrir koma dans-, látbragðs-, tal-, kvikmynda-, eða önnur slík atriði</b>					
	1. Verk með ákveðinn flutningstíma.	•	•	•	•	•
	90. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, en uppgefinn flutningstími er viðurkenndur fyrir hvern flutning. (Hér flokkast brot eða útdrættir verka sem flokkast í 91.)	•	•	•	•	•
	91. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, þar sem reiknuð meðaltímalengd er viðurkennd til frambúðar.	•	•	•	•	•
	<b>VIII. Tónverk fyrir breytilegan fjölda flytjenda eða mismunandi hljóðfæraskipan</b> (sem ekki teljast til tegunda I-VII)					
	1. Tónsmíðar með fastákveðinn flutningstíma.	•	•	•	•	•
	90. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, en uppgefinn flutningstími er viðurkenndur fyrir hvern flutning. (Hér teljast til brot og útdrættir verka í 91.)	•	•	•	•	•
	91. Tónsmíðar, sem hafa breytilegan flutningstíma, þar sem reiknuð meðaltímalengd er viðurkennd til frambúðar.	•	•	•	•	•
	<b>IX. Tónsmíðar sem ekki tilheyra I-VIII.</b>					
	1. Tónsmíðar sem ekki er unnt að flokka.	•	•	•	•	•
	<b>Athugasemdir:</b>					
	A. Einstökum þætti úr stærra tónverki, sem umritaður er fyrir önnur hljóðfæri, eða fluttur sem sjálfstætt tónverk, skal skipa í þann flokk sem þátturinn á heima í, samkvæmt eðli sínu.					
	B. Brot úr stærra verki skal halda þeirri flokkun og stigsetningu sem verkinu hefur verið ákveðið, þegar það er flutt í heild sinni, að því tilskildu að brotið falli ekki undir lið A.					
	C. Úrvinnslu/útsetningu/umritun skal skipa í þann flokk og stigsetningu sem verkið tilheyrir samkvæmt hinu nýja eðli sínu.					
	<b>Samsvörun milli flokkunar (stigatöflu) og punktafjölda:</b>	6	10	15	20	24